

802. fundur

Árið 2024, er fundur haldinn í stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum miðvikudaginn 5. júní, kl. 8:00 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt eru: Anton Kristinn Guðmundsson, Björn G. Sæbjörnsson, Guðný Birna Guðmundsdóttir, Sverrir Auðunsson og Berglind Kristinsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Sverri Auðunsson formaður stjórnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn.

Dagskrá:

- Fjölbrautaskóli Suðurnesja – frumathugun – verknám.*
Frumathugun sem unnin var í maí 2024 af Framkvæmasýslu – Ríkiseignum er lögð fram. Um er að ræða fimmtu stækkun skólans og er lagt til að hún sé 1800 fm. að stærð. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með ráðherra málaflokksins vegna þessa.
- Innleiðing svæðisbundinna farsældarráða. (fundur 801).*
 - Bókun bæjarráðs Sveitafélagsins Voga.*
 - Bókun bæjarstjórnar Grindavíkur.*
 - Bókun bæjarráðs Suðurnesjabæjar.*Sveitarfélögin Grindavík, Suðurnesjabær og Sveitarfélagið Vogar hafa lagt fram samþykki sitt fyrir að verkefni verði unnið í gegnum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.
- Beiðni um umsögn á tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030, 1036.mál.*
<https://www.althingi.is/altext/154/s/1505.html>
Stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum tekur undir umsögn Markaðsstofu landshlutanna en þar segir m.a.
„Tryggt verði, í gegnum fimm ára fjármálaáætlun, að árlega fari opinbert fjármagn til neytendamarkaðssetningar í ferðaþjónustu, sem nánar verði kveðið á um í samningi menningar- og viðskiptaráðuneytisins við Íslandsstofu og Markaðsstofur landshlutanna, þar sem fram koma m.a. áherslur stjórnvalda í markaðssetningu ferðaþjónustu á hverjum tíma“.

4. Skýrsla Deloitte um kostnaðar- og ábatagreiningu vegna innviða og atvinnulífs í Grindavík. <https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Grindavik%20Deloitte%20vF.pdf>

Fram kemur í skýrslunni að hún feli í sér kortlagningu innviða, hagfræðilega greinargerð og hugleiðingar um framtíðarsviðsmyndir. Ekki eru um að ræða tillögur að aðgerðum eða ráðleggingar um ákvörðunartöku.

Stjórn S.S.S. þakkar vel unna skýrslu og hvetur sveitarstjórnarfolk á Suðurnesjum til að kynna sér hana.

5. Ársskýrsla S.S.S. 2023.

Lögð fram. Stjórn S.S.S. þakkar góða skýrslu.

6. Önnur mál.

Sumarfundur formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka verður haldinn dagana 13.-14. júní. Fundurinn verður á Reykhólum og Ströndum að þessu sinni og gisting verður í Bjarkalundi.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum fékk styrk í gegnum Byggðaáætlun 2024, C-1. Verkefnið snýr að stuðningi við uppbyggingu, þróun og markaðssetningu á Reykjanesi. Farið verður í öfluga verkefnavinna til stuðnings við samfélög og atvinnulíf á Suðurnesjum vegna eldsumbrota á Reykjanesi. Gengið hefur verið frá tímabundinni ráðningu starfsmanns vegna verkefnisins. Auglýst var eftir starfsmanni í maí mánuði s.l. og sóttu alls 47 aðilar um starfið. Liam Davies er boðinn velkominn til starfa.

Fulltrúi Reykjanesbæjar í stjórn S.S.S. fór yfir ráðningarferli nýs slökkviliðsstjóra Brunavarna Suðurnesja. Stjórn S.S.S. óskar nýjum slökkvistjóra til hamingju með starfið.

Næsti fundur stjórnar verður 14. ágúst kl. 8:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:20.

Sverrir Auðunsson

Björn G. Sæbjörnsson

Anton K. Guðmundsson

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Berglind Kristinsdóttir